



## Fundargerð Hreppsráð Rangárbæings ytra

4. fundur hreppsráðs Rangárbæings ytra á kjörtímabilinu 2014 - 2018, var haldinn að Suðurlandsvegi 1-3, Hellu, þriðjudaginn 23. september 2014 og hófst kl. 9.00.

Mættir: Haraldur Eiríksson (formaður), Sólrún Helga Guðmundsdóttir, Yngvi Karl Jónsson og Ágúst Sigurðsson sem ritaði fundargerð. Auk þess sat Eyþór Björnsson fundinn undir lið 1.

### 1. Fjárhagsupplýsingar

#### 1.1 Yfirlit 31.08.2014

Lögð fram yfirlit yfir laun til loka ágústmánaðar ásamt samanburði við fjárhagsáætlun, innheimtar skatttekjur í samanburði við fjárhagsáætlun og lausafjárstöðu. Sveitarstjóri sagði frá fundum og samskiptum við forstöðumenn deilda.

#### 1.2 Endurskoðun áætlana – drög að viðauka

Lagðar fram endurskoðaðar áætlanir og drög að viðauka við fjárhagsáætlun ársins 2014. Samþykkt að vísa endurskoðuðum áætlunum og viðauka til sveitarstjórnar til samþykktar.

### 2. Fundargerðir fastanefnda, nefnda, ráða og stjórna til staðfestingar:

#### 2.1 2. fundur Fræðslunefndar Rangárbæings ytra og Ásahrepps 22.09.14

Undirrituð fundargerð lá ekki fyrir vegna tækniorðugleika. Formlegri staðfestingu því vísað til næsta reglulega fundar sveitarstjórnar.

### 3. Fundargerðir annarra nefnda, ráða og stjórna til kynningar:

#### 3.1 Fundur stjórnar Lundar 17.09.2014

Til kynningar

Bókun Á-lista

Á stjórnarfundum Lundar þann 3. september s.l. kom beiðni frá stjórn Lundar um að sveitarstjórn myndi skipa fulltrúa Rangárbæings ytra í nýja byggingarnefnd Lundar. Á fundi sveitarstjórnar, 9. september s.l. skipaði sveitarstjórn tvo fulltrúa í byggingarnefndina. Á stjórnarfundum Lundar 17. september lagði formaður stjórnar Lundar til að afturkölluð yrði skipan sveitarstjórnar í þessa sömu byggingarnefnd og samþykkti stjórn Lundar tillögu formanns.

Fulltrúi Á-lista í hreppsráði hefur ekki forsendur til að samþykka þessa beiðni um afturköllun í byggingarnefndina án þess að fá kynningu, þar sem þetta er í mótsögu við fyrri beiðni stjórnarformannsins og afgreiðslu sveitarstjórnar.

Óskað er eftir að formaður stjórnar Lundar komi á næsta fund sveitarstjórnar og upplýsi málið fyrir sveitarstjórn ásamt því að kynna verkefnið betur.

Yngvi Karl Jónsson

#### 3.2 818 fundur stjórnar Sambands Íslenskra Sveitarfélaga

Til kynningar

#### 3.3 Aðalfundur S1-3 ehf

Til kynningar

Bókun Á-lista

Fulltrúi A-lista gerir athugasemdir við fundarboðun og umboð/ umboðsleysi fulltrúa Rangárfings ytra á aðalfundinum (sveitarstjórn fól engum að fara með atkvæði sitt á fundinum). Fundurinn er að mati fulltrúa A-lista ólögmatgur og verður því að boða til hans aftur í samræmi við lög, reglur og samþykktir félagsins.

Yngvi Karl Jónsson

Bókun D-lista

Fulltrúar D lista taka undir mikilvægi þess að rétt sé að öllum málum stadið hvað varðar boðun og umboð. Sveitarstjóra falið að kanna það sérstaklega.

Haraldur Eiríksson og Sólrún Helga Guðmundsdóttir

#### 3.4 Fundur 9 í stjórn Félags- og skólaþjónustu Rang. og V-Skaft.

Félagsþjónustan hefur óskað eftir 5.4 m króna aukaframlagi til starfseminnar frá þátttökusveitarfélögunum. Sveitarstjóra falið að ganga eftir frekari rökstuðningi og skýringum fyrir slíkri hækkun.

#### 4. Önnur erindi til umsagnar og afgreiðslu:

4.1 Þorgils Gunnarsson sækir um byggingarlóð fyrir einbýlishús á Baugöldu 4

Hreppsráð samþykkir lóðaumsóknina

4.2 Fundaáætlun fjárlaganefndar haustið 2014

Til kynningar

#### 5. Fundarboð, umsóknir um styrki og boð um þjónustu:

5.1 Fundur Byggðastofnunar – Þróun byggðar

Til kynningar

5.2 Hvítbók menntunar – opinn fundur Menntamálaráðherra 22092014

Til kynningar – fundinum hefur verið frestað til 1. október n.k.

#### 6. Annað efni til kynningar:

6.1 Búrfellslundur – ákvörðun Skipulagsstofnunar um tillögu að matsáætlun

Til kynningar

6.2 Biokraft – formleg gangsetning 23092014

Til kynningar

#### 7. Hugmyndagáttin

Borist höfðu tvær ábendingar í hugmyndagáttina. Annars vegar ábending varðandi umhverfisverðlaun og hins vegar um upplýsingagjöf vegna yfirstandandi eldgoss. Sveitarstjóra falið að bregðast við eða koma ábendingum og hugmyndum á framsæri við forstöðumenn viðeigandi stofnana og / eða viðeigandi formenn nefnda sveitarfélagsins.

Haraldur Eiríksson  
Yngvi Karl Jónsson  
Sólrún Helga Guðmundsdóttir  
Agnar Björnsdóttir

8